

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 30. júní ár hvert og skal eigi síðar senda ríkisendurskoðun reikning sjóðsins fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins var ráðstafað á því ári. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna enda hafi stjórnin samþykkt það samhljóða. Þó má aldrei breyta, rifta né bæta við ákvæði 1. greinar um nafn sjóðsins, 3. greinar um tilgang hans, né 11. greinar um ráðstöfun eigna við sjóðsslit.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til einnar eða fleiri stofnana, sem eru undir stjórn Reykjavíkurborgar og ekki eru reknar í hagnaðarskyni og starfa eingöngu að þeim málum, sem greinir í fyrstu málsgrein 3. greinar stofnskrár þessarar.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 10. janúar 1992. The Cobb Family Foundation, Inc.

Charles E. Cobb, yngri,
stjórnarformaður.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. janúar 1992.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 407 24. ágúst 1989, um vörugjald,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Tollskrárnúmerið 7216.9001 bætist við upptalningu tollskrárnúmera í viðauka I.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 29. janúar 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.